

**66. stjórnarfundur, símafundur 22. mars 2013**

Mætt voru: Kristveig Sigurðardóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 15

**1. Stjórnunar- og verndaráætlun**

*Vonarskarð:*

Fyrir liggur skýrsla rannsóknarteymis dagsett í mars 2013. Álit teymisins og tillögur eru: Að Vonarskarð skuli vera lokað fyrir vélknúinni umferð, hvort heldur að sumri sem hausti, en ef niðurstaðan verði að það verði opið fyrir vélknúinni umferð þá verði svo í fyrsta lagi eftir 1. október á frosinni og snævi þakinni jörð.

Umferð reiðhjóla verði óheimil í Vonarskarði.

Hestaumferð um Vonarskarð verði háð leyfi þjóðgarðsýfirvalda.

Að endingu leggur teymið til, að vegna þess hve náttúruverndargildi Vonarskarðs er hátt, þá verði friðlýsing Vonarskarðs endurskoðuð og það verði sett í verndarflokk Ib samkvæmt viðmiðunum IUCN, (er nú í flokki II).

Fyrir liggur einnig fundargerð svæðisráðs vestur dagsett 21. mars 2013, þar sem segir:

*„Svæðisráðið unir að öðru leyti þeim niðurstöðum sem fram koma í skýrslunni.“*\*)

\*) Bókun KÖ; *„leyfður verði tímabundinn akstur frá 1. september og fram á vor um Vonarskarð austan Deilis og norður um áreyrarnar að Gjóstuklifi vestan Valafells“.*

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs lýsti yfir stuðningi við tillögur rannsóknarteymis hvað varðaði umferð utan einn (RA) sem lagði til að farið yrði að tillögu svæðisráðs vestursvædis frá 31. mars 2010; *„að leyfður verði tímabundinn akstur frá 1. september og fram á vor um Vonarskarð austan Deilis og norður um áreyrarnar að Gjóstuklifi vestan Valafells.“*

Áheyrnarfulltrúi í stjórn (SI) lagði fram bókun:

*„Ég tel það vera mikil mistök hjá meirihluta stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs að loka fyrir vélknúna umferð í Vonarskarði og taka ekki margítrekuðu sáttarboði um að slík umferð verði leyfð eftir 1. september á haustin. Svokölluð rannsókn er meingölluð eins og svæðisráðs- og stjórnarmönnum hefur verið bent á af fjölmögun aðilum þrátt fyrir alltof stuttan fyrirvara eftir að niðurstaða svokallaðs rannsóknarhóps var lög fram. Jafnframt ítreka ég að við teljum ekki hafa komið fram efnisleg rök um að þessi lokun hafi nokkuð með náttúruvernd að gera. Við unum ekki þessari niðurstöðu og munum sem fyrsta skref leggja fram ítarlega greinargerð varðandi þá miklu galla sem eru á vinnubröðgum hópsins sem vann skýrsluna og mikilvæg atriði sem ekki koma fram í henni.“*

Stjórnarmenn voru sammála um að bíða með ákvarðanatöku og skoða betur tillögu teymisins að breytingu á verndarflokki.

Fram kom að stjórninni barst bréf í tölvupósti frá Eyjarfjarðardeild F4x4, að kvöldi 21.mars, þar sem niðurstöðu rannsóknarteymisins er mótmælt.

BP vakti athygli á að stjórn hefði fengið sendan tölvupóst varðandi málið frá fulltrúum í svæðisráði norður, þeim Sigurjóni Benediktssyni, Helga Héðinssyni og Jóhanni Björgvinssyni, en þeir eru á móti lokun leiðarinnar.

BÁÓ vildi einnig koma á framfæri, að Einar K. Haraldsson í svæðisráði austur væri ósammála niðurstöðum rannsóknarteymisins um Vonarskarð.

## **2. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri**

Svæðisráð vestursvæðis hafði fundað um framvindu málsins og bókaði m.a. að það legði mikla áherslu á beint aðgengi að verkefnisstjórn á undirbúningsstigum verkefnisins og gott upplýsingastreymi um framvindu þess frá stýrihópnum til væntanlegra notenda þekkingarsetursins, þar með talið til þjóðgarðsvarðar vestursvæðis

KS lagði áherslu á að hún tæki undir þessa bókum og sama gerðu aðrir stjórnarmenn. Málið verður tekið fyrir og rætt frekar á næsta stjórnarfundi á Kirkjubæjarklaustri.